Vestmannaeyjahöfn
Port of
Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjahöfn

Vestmannaeyjum, 7. október 2026

Viðtakandi:
Innviðaráðuneyti
b/t Ingilínar Kristmannsdóttur, ráðuneytisstjóra
og Árna Freys Stefánssonar, skrifstofustjóra skrifstofu samgangna

Afrit:

Páll Winkel, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneyti
Drífa Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri löggæslu í dómsmálaráðuneyti
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar
Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Efni: Ósk um staðfestingu á þátttöku ríkisins í fjármögnun nýs dráttarbáts fyrir Vestmannaeyjahöfn

Vestmannaeyjahöfn óskar eftir staðfestingu innviðaráðherra á því að kaup á nýjum dráttarbát fyrir Vestmannaeyjahöfn verði tekin inn á samgönguáætlun við næstu endurskoðun hennar og að ríkið taki þátt í fjármögnun verkefnisins í gegnum Hafnabótasjóð.

Núverandi dráttarbátur hafnarinnar er kominn til ára sinna og takmörkuð stjórnhæfni og dráttargeta hans hamla því að hann geti þjónustað stærstu skipin sem nú koma til Eyja. Með uppbyggingu landeldis, auknum flutningum og stærri skipum vex þörfin fyrir öflugan dráttarbát, útbúinn þannig að hann geti einnig sinnt viðbragðsverkefnum utan hafnar. Báturinn hefur um árabil verið hluti af viðbragði Landhelgisgæslunnar við suðurströndina, ásamt Björgunarfélagi Vestmannaeyja, og tekið þátt í fjölmörgum aðgerðum. Vestmannaeyjahöfn er jafnframt eina höfnin á hafnlausum strandkafla milli Þorlákshafnar og Hornafjarðar sem getur hýst slíkan bát og er því augljós staður fyrir bát sem sinnir fyrsta viðbragði við suðurströndina.

Í meðfylgjandi minnisblaði Landhelgisgæslu Íslands kemur fram það mat stofnunarinnar að endurnýjun bátsins sé nauðsynleg, að öflugur dráttarbátur í Vestmannaeyjum sé afar mikilvægur þáttur í viðbúnaði vegna sjóslysa og annarra óhappa við suðurströndina og að hann muni nýtast sem fyrsta viðbragð þar til aðrar björgunareiningar komast á vettvang. Landhelgisgæslan bendir einnig á að aukin umferð stærri skipa geri auknar kröfur til hafna og viðbragðsbúnaðar. Í greinargerð Vegagerðarinnar með endurskoðun samgönguáætlunar 2026–2030 kemur fram að fjármögnun bátsins hafi ekki komist inn á áætlun vegna samdráttar í fjárveitingum til Hafnabótasjóðs en að Vegagerðin telji mikilvægt að ríkið tryggi kaup á dráttarbát til að tryggja viðbragðsöryggi við suðurströndina og að haft verði samráð við Landhelgisgæsluna um kaup og fjármögnun bátsins.

Höfninni hefur nú verið boðinn nýsmíðaður dráttarbátur af gerðinni Damen ASD 2111, smíðaður fyrir Norður-Noreg, hentar því aðstæðum og uppfyllir kröfur sem höfnin hefur skilgreint um dráttargetu, stjórnhæfni, slökkvi- og öryggisbúnað. Báturinn er frátekinn fyrir höfnina til 15. október og ólíklegt er að sambærilegt tækifæri bjóðist á næstunni. Fyrirhugað er að leigja bátinn til sex mánaða og vinna á þeim tíma með Vegagerðinni að endanlegri útfærslu verkefnisins, þ.m.t. innkaupaferli og fjármögnun, í samræmi við þær reglur sem gilda um slík verkefni. Höfnin getur ekki ráðist í kaupin án þátttöku ríkisins og því þarf afstaða ráðherra að liggja fyrir áður en höfnin skuldbindur sig frekar.

Vestmannaeyjahöfn telur að hér fari saman öryggissjónarmið, almannahagsmunir og hagkvæm nýting opinbers fjár, enda þjónar báturinn ekki aðeins höfninni heldur viðbragðs- og öryggishlutverki fyrir suðurströnd landsins í heild. Með vísan til framangreinds er þess óskað að ráðherra staðfesti sem fyrst að verkefnið verði tekið inn við næstu endurskoðun samgönguáætlunar og að ríkið taki þátt í fjármögnun þess. Jafnframt er þess óskað að innviðaráðherra hafi samráð við dómsmálaráðherra um aðkomu ríkisins að viðbragðshlutverki bátsins, t.d. með þjónustusamningi milli Landhelgisgæslunnar og Vestmannaeyjahafnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Vestmannaeyjahafnar

Dóra Björk Gunnarsdóttir
hafnarstjóri

Fylgiskjöl:
1) Minnisblað Landhelgisgæslu Íslands, dags. 5. október 2026.
2) Greinargerð Vegagerðarinnar vegna endurskoðunar samgönguáætlunar 2026–2030, dags. 7. október 2025.
3) Upplýsingar um Damen ASD 2111.